



Umhverfisnefndarfundur 28. febrúar 2017

Mættir: Sirrý, Haukur, Óðinn Þór, Kristín Ágústa, Tryggvi Hrafn, Jörundur, Árún Emma, Kristófer Hrafn, Magnús Veigar, Oliwia og Tina.

- Fundur var settur
- Börnin komu með spurningu varðandi krummastandinn. Búið er að setja staurinn niður en enn vantar pallinn.
 - Verðum við ekki að fara að klára hann?
 - Júbb, Haukur stjórnaði umræðum um hugmyndir að lausnum.
 - Á að nota nagla eða skrúfur? Hvað á pallurinn að vera stór? Meðalstór? Svona stór (sýnt með höndum)? Aðeins stærri en pizzakassi? Allir sammæltust um það að hafa pallinn aðeins stærri en pizzakassa :)
 - Hvað gefum við krumma að borða?
 - Margar hugmyndir: Afganga eins og fisk, kjöt, fitu, orma, brauð..... Svo borða krummar líka önnur dýr, dauð dýr t.d. afvelta kind, rusl
- Næst var rætt um Umhverfissáttmálann okkar.
 - Sirrý las yfir Umhverfissáttmálann okkar, útskýrði og svaraði spurningum. Svo sungum við Umhverfislagið okkar sem minnir okkur alltaf á Umhverfissáttmálann okkar.
- Þá var komið að því að ræða skref nr. 6. Að upplýsa og fá aðra með. Við erum dugleg að setja fréttir inná Facebook síðuna okkar og líka að setja fréttir í fréttabréf Sveitarinnar.
 - En hvað getum við gert meira?**
 - Gera mörg veggspjöld á marga staði
 - Setja veggspjöld allsstaðar
 - Setja veggspjöld í leikskólann, búðina, Hestakrána, hreppsskrifstofuna, grunnskólann.....
 - Hvað á vera á veggspjaldinu?: Af hverju erum við að flokka sorp og hvað er gert við sorpið sem er flokkað?
- Fundi slitið